

					Krónumynt		Hundrað		Alin		36 16. febr.
					krón.	aur.	krón.	aur.	kr.	aur.	
31.	1 hndr., 4 fjórðungar	nautsinnis	1 fjórð. á	13	12	52	48	»	44	
32.	— 6	—	kýrskinnis	11	99½	71	97	»	60	
33.	— 6	—	hrossskinnis	9	86	59	16	»	49	
34.	— 8	—	sauðskinnis, af tvævetr.	5	85½	46	84	»	39	
35.	— 12	—	sauðskinnis af ám og	4	40	52	80	»	44	
36.	— 6	—	veturgömlum sauðum	16	50	99	»	»	82½	
37.	— 240	—	selskinnis	»	20½	49	20	»	41	
			lambskinn (vorlamba)	einlit							
				hvert á							
<i>F. Skinnavara:</i>											
38.	1 hndr., 6 pund af	æðardún vel	hreinsuðum	1 pund á	14	64½	87	87	»	73	
39.	— 40	—	—	óhreinsuðum	»	»	»	»	»	»	
40.	— 120	—	fuglafiðri	6	83½	82	02	»	68	
41.	— 480	—	fjallagrösom	1	62½	78	»	»	65	
42.	5 álnir	1 dagsverk um	heyannir	2	03	»	»	»	41	
43.	—	1 lambsfóður	4	12½	»	»	»	82½	
<i>G. Ýmislegt:</i>											

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í nefndum landaurum verður:

Eptir A, eða í friðu	72	13	»	60
— B, — í ullu, smjöri og tolg	53	55	»	45
— C, — í tóvöru af ullu	61	87½	»	52
— D, — í fiski	49	33	»	41
— E, — í lýsi	29	01	»	24
— F, — í skinnavöru	61	64	»	51
En meðalverð allra landaura samantalin	327	53½	2	73
og skipt með 6 sjna:				

Meðalverð allra meðalverða 54 59 » 45½

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, 16. febr. 1888.

Í umbodi herra biskupsins

J. Havsteen. Davíð Guðmundsson.

Brjef landshöföngja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skiptingu Barðastrandarsýslu í 2 sýslufjelög. — Samkvæmt 4. gr. laga 2. desbr. f. 21. febr. á., um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufjelög, skal svo fyrir skipað sem hjer segir:

1. Skipting sú á Barðastrandarsýslu í tvö sýslufjelög, sem fyrirskipað er með ofan-nefndum lögum, skal komast á 1. jan. 1889, og skal það vera komið undir ákvæði sýslunefndar þeirrar, er nú er, eða eptir atvikum amtsráðsins (sbr. 31. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar), hvort fram skuli fara á næstu manntalsþingum kosning á sýslunefndarmönnum í hinar nýju sýslunefndir, eða hvort sýslunefndarmenn þeir, sem nú eru, skuli sitja í nefndunum fyrir nýju sýslufjelögin án nýrra kosninga það sem eptir er af kjörtíma hvers þeirra.
2. Því sem hið núverandi sýslufjelag á til, að meðtöldu sýslugjaldinu 1888, svo og skuldbindingum þeim, er hvíla á sýslunni, skal skipt milli hinna nýju sýslufjelaga fyrir lok þessa árs. Skipti þessi skulu gjörð af sýslunefndinni, sem nú er, með samþykki amtsráðsins (sbr. sveitarstjórnartilsk. 43. og 52. gr.).
3. Sýslunefndin, sem nú er, skal hlutast til um, að samdar verði í tæka tíð handa hinum nýju sýslunefndarumdæmum áætlanir um tekjur og gjöld sýslufjelaganna á árinu 1889, svo sem fyrirskipað er í 40. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.

37 Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknunlegrar leiðbeiningar og frekari 21. febr. ráðstöfunar.

38 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurambinu viðvíkjandi gildi konungsbrjefs 23. okt. 1795 hjer á landi. — Í þóknunlegu brjefi, dags. 9. jan. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, af tilefni, er rannsókn, er hafin hefur verið gegn prestinum að Dveigasteini, sjera Birni Þorlákssyni, út af meintu broti hans gegn 113. gr. hegningarlaganna, hefur þar til gefið, spurzt fyrir um það, hvort kgsbr. 23. okt. 1795, sem eigi er prentað í Lovsamling for Island (sbr. kansbr. 29. sept. 1818, 8. marz 1823, 5. marz 1833 og sjer í lagi umburðarbrjef 8. okt. 1844), eigi verði að skoðast sem gildandi lög hjer á landi, sbr. tilsk 24. jan. 1838, 1. gr., en vitaskuld sje það, að þvingunarmedali því, er ákveðið sje í nefndu kgsbrjefi, verði eigi beitt, ef spursmál sje um yfirsjón, er að eins varði fjesekt eða einföldu fangelsi, sbr. 48. gr. stjórnarskrárinnar.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður hjer með þjónustusamlega, að ofangreint kgsbrjef 23. okt. 1795 hefur að ætluu minni lagagildi hjer á landi samkvæmt 1. gr. tilskipunar 24. jan. 1838, sbr. einnig kansbr. 28. april og 22. sept. 1827; en annars er það vitaskuld, að þessi spurning heyrir að öllu leyti undir dómstólana, og að hver rannsóknardómari, sem vill beita kgsbrjefinu, verður að gjöra það á eigin ábyrgð, og eins og hann þykist geta svarað til þess fyrir yfirdómstólunum, ef til þeirra kemur.

EMBÆTTISSKIPUN OG LAUSN.

14. marz veitti landshöfðingi prófasti í Suðurmúlaprófastsdæmi, sjera Jónasi Hallgrímssyni á Skorrastað Kolfrøyjustaðar prestakall í Suðurmúlaprófastsdæmi samkvæmt kosningu safnadarins, frá næstkomandi fardögum.

20. s. m. veitti landshöfðingi presti að Borg sjera Árna Jónssyni Skútustaða prestakall í Suðurþingeyjarprófastsdæmi samkvæmt kosningu safnada, frá næstkomandi fardögum.

S. d. var presti að Þönglabakka sjera Jóni Reykjalin veitt af landshöfðingja lausn frá prestsembætti fyrir elli sakir frá næstkomandi fardögum.

21. s. m. veitti landshöfðingi læknskólakandídat Oddi Jónssyni þóknun sem aukalækni í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Sógandafirði og Arnarfirði, frá 1. marz þ. á. að telja.

ÓVEITT PRESTAKÖLL,

er verða veitt með þeim fyrirvara, að þeir, er þau fá, verða að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þeirra, er leitt getur af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Skorrastaður (Skorrastadarsókn) í Suður-Múlaprófastsdæmi. Lán upphaflega að upphæð 1500 kr. veitt 1884 hvílir á prestakallinu með 150 kr. afborgun á ári, auk vaxta. Metið 1056.52 kr. Auglýst 15. marz 1888.

Þóróddsstadir í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi (Þóróddsstada- og Ljósavatnssóknir). Brauðið metið 1005,18 kr. Auglýst 17. marz 1888.

Borg í Mýrprófastsdæmi (Borgar og Álptanessóknir) verður veitt með fyrirvara um breyting samkvæmt lögum nr. 3, 27. febr. 1880. Á prestakallinu hvílir lán veitt 1880, upphaflega 1000 kr., með 50 kr. afborgun á ári auk vaxta. Brauðið er metið 1353 kr. 48 a. Auglýst 21. marz 1888.

Þönglabakki í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi (Þönglabakka og Flateyjarsóknir). Brauðið er metið 1071 kr. 92 a. Auglýst 21. marz 1888.

Leiðrjetting. Í verðlagsskránni fyrir *Snæfellsness- og Hnappadalssýslu* á bls. 33—34 hjer að framan hefur læst inn villa við útreikninginn, sem leiðrjettist þannig:

Ær mylk hundrad á 78,10 alin 65 (ekki: 78,80—66).
 Eptir A eða í friðu: — á 78,41 — 65 (ekki: 78,49—66).
 Medalverð samantalið: — á 371,23 — 309 (ekki: 371,31—310)
 og skipt með 6: 61,87 — 52 (ekki: 61,88—).